



# SKÓGARHVERFI AKRANESI, DEILISKIPULAG 2. ÁFANGA BREYTING: RAÐHÚS OG FJÖLBÝLISHÚS VIÐ AKRALUND OG ÁLFALUND



Gildandi deiliskipulag

1:1.000



Breytt deiliskipulag

## SKÝRINGAR:

- MÖRK SKIPULAGSSVÆDIS, MÖRK BREYTINGA
- E-I** EIBÝLISHÚS, EIN HÆÐ  
Mismunandi húsgæðir
- R-I** RAÐHÚS, EIN HÆÐ  
Mismunandi húsgæðir
- R-II** RAÐHÚS, TVÆR HÆÐIR  
Mismunandi húsgæðir
- F-II** FJÖLBÝLISHÚS, TVÆR HÆÐIR  
Mismunandi húsgæðir
- F-III** FJÖLBÝLISHÚS, ÞRÍJÁR HÆÐIR  
Mismunandi húsgæðir
- Z** SPENNISTÖÐ
- BIFREIÐASTÆÐI INNAN LÓÐAR OG FJÖLDI
- OPÍÐ SVÆÐI / LEIKSVÆÐI
- LÓÐAMÖRK
- LÓÐAMÖRK SEM FALLA ÚR GILDI
- AFMÖRKUN LÓÐAHLUTA TIL EINKANÓTA, EKKI FASTSETT
- GATA / BÍLASTÆÐI
- GANGSTÉTT / GÖNGUSTÍGUR
- BINDANDI BYGGINGARLÍNNA  
Á m.k. skil hús stönd í þessari línu.
- BYGGINGARREITUR
- BYGGINGARREITUR FYRIR EINNAR HÆÐAR ÚTBYGGINGAR VÍÐ MEGINHÚSFORM
- KVÖÐ UM ALM. GÖNGU- OG HJÓLARETT
- KVÖÐ UM STEINSTEYPTAN LÁGAN VEGG VÍÐ GARÐA ÞRÍGGJA HÆÐA FJÖLBÝLISHÚSA
- KVÖÐ UM GARÐAÐGENGI

Deiliskipulag 2. áfanga Skógarhverfis var samþykkt 17. apríl 2007. Skipulagið var byggt á rammaskipulagi Skógarhverfis frá 2005 sem unnið var fyrir Tækni- og umhverfissvið Akraness. Rammaskipulagið hefur ekki lögformlegt gildi en hefur verið til viðmiðunar við deiliskipulag 1. og 2. áfanga hverfisins.

Gerðar hafa verið 15 breytingar á deiliskipulagi 2. áfanga Skógarhverfis, flestar óverulegar vegna nýtingarhlutfalls, breytinga á bílastæðum og byggingarlínum.

Bæjarstjórn Akraness leggur til að deiliskipulagi 2. áfanga Skógarhverfis verði breytt á eftirfarandi hátt:

- A. **Fagrilundur:** 7 lóðum fyrir einbýlishús er breytt í 5 lóðir fyrir rað- og parhús, samtals 12 íbúðir.
- B. **Akralundur** 8-14: Fjórum lóðum fyrir fjögurra íbúða fjölbýlishús er breytt í þrjár lóðir fyrir par- og raðhús á einni til tveim hæðum með samtals 10 íbúðum.

Áréttuð eru ákvæði í kafla 4.2.4 í greinargerð deiliskipulagsins um að raðhús geti verið misbreið þótt markalínur lóðahluta á uppdrætti sýni almennt jafn breiðar einingar. Markalínur lóðahluta eru sýndar sem dæmi og eru ekki bindandi.

## BREYTING Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

- A. **Fagrilundur:** Lóðamörkum er breytt og ákvæðum um húsagerð. Bindandi byggingarlínur eru felldar út. Húsnúmer breytast úr 1-3-5-7 í 1a-1b-1c-3a-3b-5-7 og úr 2-4-6 í 2a-2b-2c-4-6.
- B. **Akralundur:** Lóðamörkum er breytt og ákvæðum um húsagerð. Húsnúmer breytast úr 8-14 í 8-26.


## BREYTING Á GREINARGERÐ

Eftirfarandi almennu ákvæði um sérbýlishús er bætt í kafla 4.2.1 Almennt:

Minni háttar breytingar á byggingarreitum, bindandi byggingarlínum og staðsetningu bílastæða sem ekki stríða gegn meginatriðum deiliskipulagsins og hafa ekki neikvæð áhrif á nágranna má afgreiða sem óveruleg frávik sbr. 3. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leggja skal fram rökstudda umsókn þar sem gerð er grein fyrir frávikinu og áhrifum þess. Sjá einnig ákvæði um bílastæði í kafla 4.2.2.

## FORSENDUR

Breytingin er gerð til samræmis við áætlaða þörf fyrir raðhúsaloðir. Matið byggist m.a. á eftirspurn byggjenda.



Aðalskipulag Akraness 2005-2017

## ÁHRIF

Breyting úr einnar hæðar einbýlishúsum í einnar hæðar par- og raðhús og úr tveggja hæða fjölbýlishúsum í eins/tveggja hæða rað- eða parhús felur ekki í sér grundvallarbreytingar á yfirbragði og mælikvarða hverfisins. Við breytinguna fækkar um eina íbúð í hverfinu og hefur hún engin marktæk áhrif á umferð á svæðinu.

Breytingin er í samræmi við yfirbragð, mælikvarða og þéttleika byggðarinnar og felur ekki í sér grundvallarbreytingar frá gildandi deiliskipulagi.

Deiliskipulag þetta sem auglýst var skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

frá og með \_\_\_\_\_ til og með \_\_\_\_\_  
var samþykkt í bæjarstjórn Akraness

\_\_\_\_\_  
bæjarstjóri

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar birtist í B-deild Stjórnartíðinda \_\_\_\_\_

